

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Sigríður Svana Helgadóttir  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2019  
2019030030/42-0  
TB  
tb

**Friðlandið í Svarfaðardal, undanþága**

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 12. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi RARIK um heimild til að leggja 11 kV jarðstreng frá aðveitustöð við Hríshöfða að hafnarsvæðinu á Dalvík, aðveitustöðin er innan friðlands í Svarfaðardal.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að gefið verði leyfi til að leggja 11 kV jarðstreng innan friðlandsins eins og því er lýst í umsókn RARIK. Stofnunin leggur áherslu á að vandað verði til verks og að sem allra minnsta rask verði af framkvæmdinni. Einnig að framkvæmdin trufli sem minnst fuglalíf á svæðinu s.s. að framkvæmt sé utan varptíma.

Virðingarfyllst

  
Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

